

Ríkiskaup
Borgartúni 7c
105 Reykjavík

Reykjavík 28. janúar 2016

Með vísan til fréttar er birtist á vef Ríkiskaupa þann 20. janúar sl. lýsir Íslandsbanki hf. með bréfi þessu yfir að hann sé áhugasamur um að taka að sér hlutverk almenns söluráðgjafa við sölu á allt að 28,2% hlut Bankasýslu ríkisins í Landsbankanum hf. og eftir atvikum ráðgjöf við sölu annarra eignarhluta Bankasýslu ríkisins. Að aftan fer stutt lýsing á þeim atriðum sem óskað var eftir að gerð væri grein fyrir í yfirlýsingunni.

Upplýsingar um ráðgjafa

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík. Símanúmer höfuðstöðva 440-4000. Tengiliður er Tryggvi Björn Davíðsson, framkvæmdastjóri Markaða, í gegnum netfangið tryggvi.davidsson@islandsbanki.is eða í síma 440-3390.

Hæfni og reynsla ráðgjafa

Íslandsbanki hefur yfirgripsmikla reynslu af milligöngu með skráða og óskráða fjármálagerninga hvort sem er í gegnum almenn útboð, lokuð útboð eða opin sölufæri.

Reynsla af sölu á eignarhlutum og almennum útboðum í fjármálafyrirtækjum í Evrópu frá 1. janúar 2009, þar með talið tegund, stærð og hlutverk í hverri sölu

Frá 1. janúar 2009 hefur Íslandsbanki haft umsjón með sölu eignarhluta í eftirfarandi fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum:

- **Íslensk verðbréf hf. (2014):** Ráðgjafi seljanda við sölu á 60,1 milljón hluta (27,51% eignarhlutur).
- **Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (2014):** Umsjónaraðili almenns útboðs 366,3 milljóna þegar útgefinna hluta í félaginu (23% eignarhlutur). Þar af voru 10% hluta seldir fjárfestum sem gerðu tilboð allt að 10 m.kr. að kaupverði (A bók) og 13% hluta seldir fjárfestum sem skráðu sig fyrir fjárhæð að kaupverði umfram 10 m.kr. (B bók). Fyrirkomulag sölu hluta í B bók var hollenskt, þ.e. fjárfestar tilgreindu eigið hámarksgengi í tilboðum sínum en öllum seldum hlutum var úthlutað á sama gengi. Heildarfjöldi áskrifta var tæplega 7.800, sem er mesti fjöldi áskrifta í almennu hlutafjárútboði á Íslandi frá 1. janúar 2009. Heildareftirspurn nam 35,7 ma.kr. á móti heildarsöluandvirði að fjárhæð 4,7 ma.kr. Íslandsbanki var enn fremur umsjónaraðili félagsins við töku hlutafjár þess til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland kauphallarinnar.
- **Tryggingamiðstöðin hf. (2013):** Umsjónaraðili almenns útboðs¹ 218,6 milljóna þegar útgefinna hluta í félaginu (28,7% eignarhlutur). Þar af voru 19,2% hluta seldir fjárfestum sem gerðu tilboð að lágmarki 50 m.kr. að kaupverði og 9,6% hluta seldir fjárfestum sem

¹ Ásamt Landsbankanum.

skráðu sig fyrir lægri fjárhæð að kaupverði. Tilboð voru gerð á föstu verðbili og allir hlutir seldir á sama verði. Heildarfjöldi áskrifta var um 7.000. Heildareftirspurn nam 357 ma.kr., á móti heildarsöluandvirði að fjárhæð 4,4 ma.kr. Íslandsbanki var enn fremur umsjónaraðili félagsins við töku hlutafjár þess til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland kauphallarinnar.

- **Valitor hf. (2012):** Ráðgjafi seljanda við sölu á 28,9 milljónum hluta (7,22% eignarhlut).

Reynsla af öðrum verkefnum sem gætu verið viðeigandi vegna beinnar eða óbeinnar sölu á eignarhlut í Landsbankanum

Frá 1. janúar 2009 hefur Íslandsbanki haft umsjón með fjölmörgum verkefnum. Að neðan gefur að líta nokkur dæmi í tímaröð:

- **PCC Bakki (2015):** Öflun hlutafjár að fjárhæð USD 80m hjá innlendum stofnanafjárfestum til smíði kísilmálmverksmiðju við Húsavík.
- **Norvik hf. (2014):** Sala innlendra rekstrarfélaga auk fasteignasafns til hóps einka- og stofnanafjárfesta. Viðskiptin voru ein stærstu einstöku fyrirtækjaviðskipti á Íslandi frá 1. janúar 2009.
- **N1 hf. (2013):** Umsjónaraðili almenns útboðs 270 milljóna þegar útgefinna hluta í félaginu (28% eignarhlutar). Þar af voru 10% hluta seldir fjárfestum sem gerðu tilboð að kaupverði allt að 10 m.kr. (A bók) og 18% hluta seldir fjárfestum sem skráðu sig fyrir fjárhæð yfir 10 m.kr. að kaupverði (B bók). Fyrirkomulag sölu hluta í B bók var hollenskt, þ.e. fjárfestar tilgreindu eigið hámarksgengi í tilboðum sínum en öllum hlutum var úthlutað á sama gengi. Heildarfjöldi áskrifta var tæplega 7.700. Heildarsöluvirði hluta var að fjárhæð 4,8 ma.kr. Íslandsbanki var annar tveggja² umsjónaraðila félagsins við töku hlutafjár þess til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland kauphallarinnar.
- **Fjarskipti hf. (2012):** Umsjónaraðili almenns útboðs 201,4 milljóna þegar útgefinna hluta í félaginu (60% eignarhlutar). Þar af voru 49% hluta seldir í lokuðu útboði þar sem lágmarksfjárhæð tilboða skyldi vera 50 m.kr. að kaupverði. Í almenna útboðinu voru seldir 11% hluta. Allir hlutir voru seldir á sama verði. Heildareftirspurn nam 11,6 ma.kr. á móti heildarsöluandvirði að fjárhæð 6,3 ma.kr. Íslandsbanki var enn fremur umsjónaraðili félagsins við töku hlutafjár þess til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
- **Eimskipafélag Íslands hf. (2012):** Umsjónaraðili almenns útboðs 56 milljóna þegar útgefinna hluta í félaginu (28% eignarhlutar). Þar af voru 20% hluta seldir í lokuðu útboði til valinna fjárfesta og 8% hluta seldir til almennra fjárfesta í opnu almennu útboði. Heildarfjöldi áskrifta var um 2.500 Heildareftirspurn eftir hlutum í félaginu nam 33,1 ma.kr. á móti heildarsöluandvirði að fjárhæð 11,7 ma.kr. Íslandsbanki var annar tveggja umsjónaraðila félagsins við töku hlutafjár þess til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland kauphallarinnar.
- **Icelandair Group hf. (2010):** Umsjónaraðili útboða til forgangsréttarhafa, starfsmanna, almennings og fagfjárfesta þar sem hlutafé félagsins var aukið um samtals 3.280 milljónir hluta sem seldir voru fyrir heildarandvirði 8,2 ma.kr. Útboðin voru hluti af endurskipulagningu félagsins.

² Ásamt Arion banka.

Alþjóðleg hæfni á sviði miðlunar, sölu, dreifingu og gerð greiningarskýrsla á hlutabréfamarkaði

Verðbréfamíðlun Íslandsbanka er ein öflugasta miðlun landsins. Hún veitir fagfjárfestum aðgang að mörkuðum með hluta- og skuldabréf auk viðskipta með afleiður á verðbréf. Verðbréfamíðlun Íslandsbanka á í reglulegum samskiptum við erlenda fagfjárfesta, einkum við miðlun skuldabréfa. Þá hefur bankinn veitt ráðgjöf við könnun fýsileika sölu í tengslum við hugsanlega tvíhliða skráningu innlendra félaga.

Greining Íslandsbanka er skipuð 6 starfsmönnum sem hver og einn hefur áralanga reynslu af störfum á fjármálamarkaði og allt upp í 16 ára reynslu í greiningu. Deildin gerir regluleg verðmöt og gaf t.a.m. út 25 slík á síðasta ári, á 13 félögum sem skráð eru á aðalmarkaði á Íslandi auk þess að gefa út afkomuspár ársfjórðungslega á þessi sömu fyrirtæki.

Greining Íslandsbanka gefur reglulega út sérarit um valda geira á hlutabréfamarkaði og má þar nefna fasteignafélög, tryggingafélög og flugfélög. Auk þess greinir deildin sérstaklega ákveðna geira hagkerfisins sem tengjast hlutabréfamarkaði, s.s. sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Deildin gefur reglulega út verðsamanburð félaga á aðalmarkaði og erlendra félaga í sama eða svipuðum geira. Við þann samanburð notast deildin m.a. við alþjóðlegar atvinnugreinaskýrslur og upplýsingaveitur þeim tengdum. Efni greiningar Íslandsbanka er allt birt á aðgangsstýrðri netsíðu.

Geta til þess að vera viðskiptavaki með hlutabréf í Landsbankanum og birta í framtíðinni greiningarskýrslur

Innan Markaða Íslandsbanka er rekin veltubók sem gegnir hlutverki viðskiptavaka í skilningi 116. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti fyrir flest félög sem skráð eru í kauphöll, eða 11 talsins. Íslandsbanki býr yfir þekkingu og getu til að vera öflugur viðskiptavaki með hlutabréf í Landsbankanum.

Greiningardeild Íslandsbanka birtir reglulega verðmöt, ársfjórðungslegar afkomuspár auk tilfallandi greininga á öðrum verðmótandi upplýsingum sem birtar eru af félögum skráðum í kauphöll. Íslandsbanki hefur reynslu, þekkingu og getu til að birta slíkt greiningarefni um Landsbankann í framtíðinni.

Reynsla sem ráðgjafar fyrir evrópskar ríkisstjórnir í sölu á eignarhlutum í fyrirtækjum frá 1. janúar 2009

Íslandsbanki annaðist opið söluferli á 73% hlut Eignasafns Seðlabanka Íslands, sem er í 100% eigu Seðlabankans, í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Íslandsbanki gegndi hlutverki leiðandi söluráðgjafa bæði við söluna og síðar skráningu félagsins í kauphöll árið 2014. Í þessu samhengi má nefna að Íslandsbanki hefur einnig reynslu af ráðgjöf fyrir sveitarfélög en Íslandsbanki annaðist t.d. ráðgjöf fyrir Reykjanesbæ, Orkuveitu Reykjavíkur, sveitarfélagið Garð, sveitarfélagið Voga, Sandgerðisbæ og Grindavíkurbæ vegna sölu á 33,4% hlut í HS Veitum. Íslandsbanki annaðist söluna og gegndi hlutverki leiðandi söluráðgjafa.

Þekking á íslenskum aðilum sem gefið hafa út fjármálagerninga á alþjóðlegum mörkuðum

Íslandsbanki hefur góða þekkingu á helstu íslensku aðilum sem gefið hafa út fjármálagerninga á alþjóðlegum mörkuðum, svo sem ríki og fjármálastofnunum. Íslandsbanki hefur annast ráðgjöf við útgáfu og sölu skuldabréfa Landsvirkjunar sem gefin voru út undir

EMTN (e. *Euro Medium Term Note*) ramma félagsins án ríkisábyrgðar og voru skráð í kauphöllinni í Lúxemborg. Þá er innan Íslandsbanka mikil reynsla af útgáfu á, sem og fjárfestingum í, skuldabréfum á erlendum mörkuðum, svo sem undir GMTN (e. *Global Medium Term Note*) ramma bankans.

Ábyrgð gagnvart samfélaginu og árvekni gagnvart mögulegum hagsmunaárekstrum

Íslandsbanki hefur samþykkt stefnu um samfélagslega ábyrgð. Sú stefna hvílir á fimm stoðum um viðskipti, fræðslu, umhverfi, vinnustaðinn og samfélagið. Íslandsbanki hefur á síðustu árum skilað framvinduskýrslu um samfélagsábyrgð til UN Global Compact í samræmi við kjarnaskilyrði GRI G4. Íslandsbanki hefur sett sér stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, greiningu hagsmunaárekstra, ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og viðbrögð við hagsmunaárekstrum. Íslandsbanki hefur ennfremur sett sér siðareglur, starfsreglur, reglur um gjafir og boðsferðir, reglur um umbun, reglur um heimild starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri og reglur um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga og gjaldeyri.

Markaðir Íslandsbanka hafa gegnt lykilhlutverki við uppbyggingu fjármálamarkaða á Íslandi undanfarin ár. Í störfum sínum hefur Íslandsbanki í hvívetna leitast við að gæta að heilbrigðum viðskiptaháttum og orðsporsáhættu með það að markmiði að efla fjármálamarkaði. Í öflugum fjármálamörkuðum felast að mati Íslandsbanka brýnir samfélagslegir hagsmunir og eru þeir mikilvæg forsenda þess að efla samkeppnishæfni Íslands.

Kjör

Íslandsbanki er reiðubúinn að taka að sér verkefni söluráðgjafa gegn árangurstengdri þóknun að hluta eða í heild sem tengd verður söluverði eignarhlutarins. Hlutfall þóknunar ræðst m.a. af verðmati hlutarins, fjölda söluráðgjafa og skilgreindu hlutverki Íslandsbanka við sölu. Á þessu stigi liggja forsendur um framangreint ekki fyrir en Íslandsbanki er reiðubúinn að leggja fram skuldbindandi tilboð þegar Bankasýslan leitar eftir.

Staðfesting á viðeigandi starfsleyfum ráðgjafa

Fjármálaeftirlitið veitir fyrirtækjum starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.). Í 1. mgr. 3. gr. fttl. er talið upp hvaða starfsemi er starfsleyfisskyld og 4. gr. fttl. kveður á um tegundir starfsleyfa.

Allar upplýsingar um gild starfsleyfi Íslandsbanka hf. er að finna á vef Fjármálaeftirlitsins http://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Yfirlit-yfir-starfsheimildir_FME_16des2015.pdf.

Staðfesting um að birta yfirlýsingu með opinberum hætti.

Íslandsbanki hf. samþykkir fyrir sitt leyti opinbera birtingu yfirlýsingar þessarar eftir því sem við á.

Önnur atriði sem mögulegur ráðgjafi telur mikilvægt að koma á framfæri.

Íslandsbanki óskar eftir því, ef þess er kostur, að koma á framfæri frekara kynningarefni til Bankasýslu ríkisins áður en ákvörðun verður tekin um val almenns söluráðgjafa við sölu á allt að 28,2% hlut Bankasýslunnar í Landsbankanum hf.

Lykilstarfsmenn sem leiða munu verkefnið

Tryggvi Björn Davíðsson

Framkvæmdastjóri | Markaðir

Menntun:

MBA INSEAD Singapore og París
M.Sc. Fjármálastærðfræði, Univ. of Toulouse
B.Sc. Hagfræði, Háskóli Íslands

Starfsferill:

Íslandsbanki, Markaðir, frá 2011
Barclays Capital London, European Credit Markets, 2004-2011
Íslandsbanki, Markaðsviðskipti, 2000-2003
Utanríkisráðuneytið, París, 1999-2000

Hagnýt starfsreynsla:

Yfir 14 ára reynsla af alþjóðlegum fjármálamörkuðum, þar af átta ár hjá leiðandi alþjóðlegum fjárfestingarbanka, m.a. við útgáfu, skráningu og fjárfestingar í verðbréfum í fjölda lögsagnarumdæma.

Ásmundur Tryggvason

Forstöðumaður | Fyrirtækjaráðgjöf

Menntun:

Cand. Jur., Háskóli Íslands
Máflutningsréttindi fyrir héraðsdómi

Starfsferill:

Íslandsbanki, Fyrirtækjaráðgjöf, frá 2011
LMB Lögmenn, 2011
Exista, óskráðar fjárfestingar, 2005-2011
Íslandsbanki, Fyrirtækjaráðgjöf, 2003-2005
Íslandsbanki, Greining, 2000-2003
Viðskiptablaðið, 1999-2000

Hagnýt starfsreynsla:

Yfir 15 ára fjölbreytt reynsla af fjármálamörkuðum. Hefur komið að greiningu, kaupum, sölu og skráningu hlutabréfa í fjölda lögsagnarumdæma.

Björn Hákonarson

Forstöðumaður | Miðlun

Menntun:

Cand Oecon., Háskóli Íslands

Starfsferill:

Íslandsbanki, forstöðumaður miðlunar frá 2012
Íslandsbanki, Markaðir, frá 2009
Kaupþing, Interbank 2005-2009
ÍslandsbankiFBA 2000-2005

Hagnýt starfsreynsla:

Mikil reynsla af samskiptum við erlenda fjárfestingabanka.

Yfirgripsmikil þekking og reynsla af gjaldeyris- og afleiðuviðskiptum við erlenda banka sem og innlend stórfyrirtæki.

Yfir sex ára reynsla af verðbréfamiðlun, hefur m.a. komið að skráningu og sölu fimm fyrirtækja á aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Sigurður Óli Hákonarson

Verkefnastjóri | Fyrirtækjaráðgjöf

Menntun:

M.Sc. Fjármál fyrirtækja, Háskólinn í Reykjavík

B.Sc. Hagfræði, Háskóli Íslands

Starfsferill:

Íslandsbanki, Fyrirtækjaráðgjöf frá 2012

Íslandsbanki, Greining 2011-2012

Landsvaki hf, 2003-2008

Búnaðarbankinn Verðbréf, 1999-2003

Þjóðhagsstofnun, 1998-1999

Hagnýt starfsreynsla:

Yfir 15 ára fjölbreytt reynsla af fjármálamörkuðum. Reynsla af skráningum og almennum útboðum, kaupum og sölum á óskráðum hlutabréfum, greiningum á hlutabréfamarkaði, eignastýringu og þjóðhagfræðilegri greiningu.

Sigrún Hjartardóttir

Verkefnastjóri | Fyrirtækjaráðgjöf

Menntun:

M.A. Stjórn málafræði, Lund University

B.Sc. Viðskiptafræði, Háskólinn á Bifröst

Starfsferill:

Íslandsbanki, Markaðir, frá 2012

Íslandsbanki, Fjárfestatengsl, 2008-2012

Íslandsbanki, Norræn greining, 2007-2008

Háskólinn á Bifröst, 2002-2005

Hagnýt starfsreynsla:

Níu ára fjölbreytt reynsla af fjármálamörkuðum, m.a. greiningu, fjárfestatengslum á alþjóðlegum markaði og gerð fjárfestakynninga og kynningarefnis vegna útboða verðbréfa.

Hefur mikla þekkingu á útgáfu, sölu og skráningu verðbréfa, þ.á.m. yfirgripsmikil reynsla af ritstjórn, gerð og yfirlestri lýsinga.

Virðingarfyllt,

f.h. Íslandsbanka

Tryggvi Björn Davíðsson